

Nd.

376. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Hallarekstur, skuldasöfnun og fjármunasóun í ríkisbúskapnum er undirrót vaxandi verðbólgu, misgengis atvinnuvega og versnandi lífskjara. Vextir og afborganir erlendra lána samsvara nú þegar söluverðmæti alls þorskafla sem á land berst. Vaxtagreiðslurnar einar samsvara meira en 11% af öllum atvinnutekjum landsmanna. Þessi tollur erlendra fjármagnseigenda á verðmætasköpun þjóðarinnar er orðinn svo hár að allir heilvita menn hljóta að taka undir kröfuna: *Hingað — en ekki lengra.*

Óbreytt stefna er óútfyllt ávísun á stórauðna skattbyrði og verri lífskjör í framtíðinni. Óbreytt stefna er því ábyrgðarlaus atлага að lífskjörum ungu kynslóðarinnar og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1986 eru seinustu tækifæri núv. ríkisstjórnar til að snúa frá helstefnunni. Hafi stjórnarliðar ekki þrek til að horfast í augu við veruleikann nú munu þeir ekki gera það á kosningarári 1987. Þetta eru seinustu fjárlög sem núv. stjórnarmeirihluti ber ábyrgð á í framkvæmd. Þessi fjárlagagerð er því prófsteinn á pólitíska ábyrgðartilfinningu nýs fjármálaráðherra — formanns Sjálfstæðisflokksins.

2. Tölur tala sínu máli um gjaldþrot óbreyttrar stefnu í ríkisfjármálum. Fjárlög 1985 reyndust marklaus. Hallinn á A-hluta ríkissjóðs verður þrisvar til fjórum sinnum meiri en áætlað var. Að mati Þjóðhagsstofnunar er hallinn áætlaður 2,5—2,7 milljarðar kr. Nettóaukning erlendra skulda 1985 er áætluð meira en 3,3 milljarðar kr. Viðskiptahallinn er áætlaður 5,8 milljarðar í árslok — ca. 20 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Aukning skammtímalána er áætluð allt að 4,3 milljarðar kr. í árslok. Ætla má að ríkisútgjöldin vaxi allt að 15% að raungildi milli áranna 1984 og 1985. Hallarekstur og skuldasöfnun í ríkisbúskapnum og viðskiptahalli þjóðarbúsins út á við fer vaxandi ár frá ári, að því er virðist stjórnlaust. Verði ekki snúið við af þessari braut þegar í stað blasir við efnahagsleg og pólitísk upplausn.
3. Frumvörp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og lánsfjárlaga bera með sér að áfram á að feta troðnar slóðir, götuna til glötunar. Heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja, eru áætlaðar 12 487 m. kr. á árinu. Þar af er ráðgert að afla 8277 m. kr. með erlendum lántökum. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs verða eftir sem áður hærri en afborganir eldri lána. Erlendar lántökur í heild sinni til ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja með aðild ríkissjóðs og sjóðakerfis, bera með sér að áfram er fylgt óbreyttri stefnu. Þannig er fjárförf tveggja stærstu félagslegu lánasjóðanna, byggingarsjóða ríkisins og Lánasjóðs ísl. námsmanna, áfram mætt með erlendum lánnum sem bera ávöxtunarkjör langt umfram greiðslugetu lántakenda þessara sjóða. Þetta er enn ein ávísunin á hærri skatta í framtíðinni. Arðsemiskröfur, eins og t.d. að erlend lán séu því aðeins tekin að fyrirhuguð fjárfesting spari erlendan gjaldeyri eða leiði til aukinnar gjaldeyrisöflunar, er víðast hvar látin lönd og leið, sbr. erlendar lántökur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bygðastofnunar eða ríkisábyrgð á svokölluðu raðsmíðaverkefni frá árunum 1982—85. Ekki örlar á viðleitni til breyttra vinnubragða við sjálfa fjárlagagerðina. Fjárlagagerðin einkennist áfram af sjálfvirkum framreikningi verðbólgunnar og óskhyggju ríkisforstjóra um meira fé, skv. Parkinsons-lögmáli, burtséð frá mati á heildarsamhengi. Áfram er reynt að fylla upp í „fjárlagagatið“ með hefðbundnum aðferðum og óbreyttu skattakerfi í stað þess að ákveða fyrst viðráðanlega hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum og miða útgjöldin við raunverulegan efnahag og greiðslugetu skattgreiðenda. Sjálfvirkur útgjaldaauki þessa kerfis er áfram stórlega vanmetinn. Ríkisstjórnin horfir áfram aðgerðalaus á ranglátt og hriplekt skattakerfi. Hvergi örlar á þeim pólitíska kjarki sem nauðsynlegur er til að stokka upp ónýtt tekjuöflunarkerfi og sjálfvirka útgjaldaþenslu. Þegar er fjárfjárleg, skv. reynslu undanfarandi ára, að ríkissjóður verður áfram rekinn með halla, að markmiðið um stöðvun erlendra skuldasöfnunar stenst ekki, að vaxtabyrði erlendra lána þyngist enn, viðskiptahallinn verður áfram á fimmta milljarð sem þýðir hækkanði hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu.

4. Breytingartillögur Alþýðuflokksins við frumvarp til fjárlaga og frumvarp til lánsfjárlaga fela í sér róttæka stefnubreytingu í ríkisfjármálum. Með þessum tillögum eru stigin fyrstu skrefin í átt til kerfisbreytingar í ríkisfjármálum. Fjárlagatillögurnar fela m.a. í sér eftirfarandi:
- Erlend lántaka ríkissjóðs (A-hluti) er lækkuð um 1,524 m. kr.
 - Veitt lán til ríkissjóðs (B-hluti) eru lækkuð um 350 m. kr.
 - *Söluskattur*: Með afnámi undanþága og breyttu innheimtukerfi er *tekjuöflun aukin* og *dregið úr skattundandrætti*. Að hluta er auknum tekjum varið til að *lækka söluskatt úr 25% í 20%* og þar með vöruverð í landinu.
 - Staðið er við samþykkt Alþingis um *lækkun tekjuskatts* í áföngum.
 - Eignarskattur einstaklinga er *lækkaður* en eignarskattur á félög *hækkaður*.
 - Vörugjald er *lækkað*.
 - Stigin eru fyrstu skref í átt til *skattahreinsunar* með afnámi smáskatta sem eru dýrir í innheimtu.
 - Stærri hluti af *hagnaði Seðlabanka* er tekinn í ríkissjóð.
 - *Auknum fjármunum* er varið til *húsnæðismála* og til sjúkratrygginga og lífeyrisgreiðslna til að verja kjör hinna öldruðu og verst settu.
 - *Niðurgreiðslum* er breytt í *beinar greiðslur* til bótaþega almannatrygginga.
 - „*Velferðarkerfi atvinnuvega*“ á fjárlögum er verulega skert.
 - Rannsóknastofnunum atvinnuvega er breytt í sjálfseignarstofnanir sem selja þjónustu sína en njóta áfram ríkisstyrkja.
5. Breytingartillögur Alþýðuflokksins við frumvarp til lánsfjárlaga eru í samræmi við þetta. Aðalatriðið er að heimild fjármálaráðherra til erlendar lántöku á árinu 1986 er minnkuð úr 2224 m. kr. í 1397 m. kr. — eða um 827 m. kr. Mest eru erlendar lántökuheimildir Framkvæmdasjóðs ríkisins skertar (355 m. kr.), en skerðingartillögur ná einnig til Bygðastofnunar, Próunarfélags og Landsvirkjunar. Athygli skal vakin á að í fjárlagatillögum eru framlög ríkissjóðs til byggingalánasjóða ríkisins aukin um 500 m. kr. Þar á móti er afnumin heimild til erlendar lántöku fyrir Byggingarsjóð ríkisins (150 m. kr.). Innlend lánsfjáröflun byggingarlánasjóðanna hjá lífeyrissjóðum er einnig skert (80 m. kr.). Með þessu móti er eiginfjárstaða sjóðanna bætt, vaxtabyrðin verður léttbærari og útlánagetan meiri.

Almennur rökstuðningur fyrir minni erlendum lántökum sjóðakerfisins byggist á kröfunni um *strangara arðsemismat* framkvæmda. Í því efni skal rífað upp að í Þjóðhagsáætlun var því slegið föstu að hagkvæmasti fjárfestingarkostur Íslendinga við ríkjandi aðstæður væri í því fölginn að byrja að greiða til baka erlend lán með þungum ávöxtunarkröfum.

Í tillögum Alþýðuflokksins felst einnig að *auka bein framlög* ríkissjóðs til *Lánasjóðs ísl. námsmanna* um 200 m. kr. en skerða erlendar lántökur sem því svarar. Reyndar eru erlendar lántökur, miðað við gildandi raunvexti, fyrir sjóði af þessu tagi óafsanleg fjárglæframennska. Gegndarlausar lántökur liðinna ára bitna nú þegar með fullum þunga á eiginfjárstöðu og útlánagetu sjóðsins. Menntamálaráðherra hefur boðað breytingar á lögum eða reglugerðum um fjármögnun og útlánareglur sjóðsins. Meðan upplýsingar um þær liggja ekki fyrir er ekki unnt að gera endanlegar tillögur um aðrar fjármögnunarleiðir.

Í tillögum Alþýðuflokksins er ráðgert að auka framlag ríkissjóðs til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* um 20 m. kr. auk þess sem tekinn er upp nýr fjárlagaliður vegna rekstrarkostnaðar svæðisstjórna fatlaðra í öllum kjördæmum landsins.

Skerðingarákvæði um framlag ríkissjóðs til *Ferðamálasjóðs* er afnumið og framlög sjóðsins aukin um 15 m. kr. (en erlendar lántökur skertar samsvarandi). Ferðamannaiðnaður er einn af vaxtarbroddunum í íslensku atvinnulífi og skilar á þriðja milljarð í gjaldeyristekjum. Hér er því um arðbærar framkvæmdir að ræða.

Í heild sinni fela þessar róttæku tillögur Alþýðuflokksins í sér m.a. eftirfarandi:

- *Stöðvun erlendra skuldasöfnunar.*
- *Stöðvun á sjálfvirkri útgjaldabenslu í ríkisbúskapnum.*
- *Réttlátara og skilvirkara tekjuöflunarkerfi.*
- *Lægri skattbyrði launþega og þar með aukinn kaupmátt — án verðbólgu.*

Ljóst er að skuldasöfnunar- og fjármagnssóunarstefna stjórnvalda á umliðnum árum bitnar með mestum þunga á unga fólkinu (sem verður að bera hærri skatta í framtíðinni), á sjávarútveginum (sem er ósamkeppnisfær um fjármagn og vinnuafli við verslun og þjónustu), á landsbyggðinni (þar sem sjávarútvegurinn er burðarásinn), á launþegum sem ekki njóta launaskriðs (en það er einkum í sjávarútvegi og iðnaði). Það er í þágu þessara aðila og þjóðarhags sem Alþýðuflokkurinn boðar nú róttæka kerfisbreytingu í ríkisfjármálum.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1986 (millj. kr.)

	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankanna	Lífeyris- sjóðir	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	1 850	–	–	2 047	3 897
Ríkissjóður, A-hluti	1 850	–	–	1 397	3 247
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs	–	–	–	520	520
Sveitarfélög	–	–	–	130	130
II Húsbýggingarsjóðir	–	–	1 350	–	1 350
Byggingarsjóður ríkisins	–	–	1 000	–	1 000
Byggingarsjóður verkamanna ..	–	–	350	–	350
III Lánastofnanir	–	350	190	1 422	1 962
Framkvæmdasjóður	–	350	150	1 087	1 587
Iðnþróunarsjóður	–	–	–	95	95
Stofnlánadeild landbúnaðarins .	–	–	40	–	40
Byggðastofnun	–	–	–	200	200
Útflutningsláναςjóður	–	–	–	40	40
IV Atvinnufyrirtæki	–	–	–	2 400	2 400
Ósundurliðað	–	–	–	2 400	2 400
Heildarfjárför	1 850	350	1 540*)	5 869	9 609

*) Verðbréfakaup lífeyrissjóða af öðrum fjárfestingarláναςjóðum eru áætluð alls 290 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS (millj. kr.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Áætlun 1986
Innstreymi	3 075	3 405
Ríkissjóður	1 300	1 600
Skyldusparnaður, nettó	-50	-50
Lífeyrissjóðir	820	1 000
Afborganir, vextir, verðbætur	795	795
Tekjur tæknideildar	50	50
Annað	10	10
Erlend lán	150	0
Útstreymi	3 075	3 405
Rekstrarkostnaður	65	65
Afborganir, vextir, verðbætur	960	960
Lánveitingar	2 050	2 380

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS 1986 (millj. kr.)

	Lánsfjáraætlun 1986	Áætlun 1986
Fjáröflun	2 022	1 967
Eigið ráðstöfunarfé F.Í.	230	330
Sérstök fjáröflun	50	50
Lán frá innlendum bönkum	350	350
Lán frá lífeyrissjóðum	150	150
Erlend lán	1 242	1 087
Lánveitingar	2 022	1 967
Stofnlánadeild landbúnaðarins	310	110
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	520	520
Fiskveiðasjóður, útlán	350	500 ¹⁾
Iðnlánasjóður	500	550
Lánasjóður sveitarfélaga	20	20
Ferðamálasjóður	60	45
Verslunarlánasjóður	20	0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	0
Landflutningasjóður	8	8
Lán til bættis aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14
Framkvæmdasjóður og fiskeldi	150	-
Fiskeldi	-	250

¹⁾ Par af 200 m.kr. til skipaviðgerða innanlands.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.